

Kærunefnd útlendingamála

Verklagsreglur vegna viðtala

17. júlí 2020

1) Inngangur

Samkvæmt 7. mgr. 8. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 skal málsmeðferð fyrir kærunefnd útlendingamála að jafnaði vera skrifleg. Kærunefnd getur, ef hún telur ástæðu til, boðið umsækjendum um alþjóðlega vernd að koma fyrir nefndina til að tjá sig um efni máls eða einstök atriði þess eftir atvikum. Þá getur kærunefnd kallað til aðra en kærundur telji hún ástæðu til. Formaður og varaformaður hafa sjálfstæða heimild til að bjóða kærendum að koma fyrir nefndina. Þessar verklagsreglur fjalla um hvernig ákvörðun um að bjóða kæranda til að koma fyrir nefndina er tekin.

Tilgangur þessara verklagsreglna er að samræma verkferla við boðun og framkvæmd viðtala. Þær skapa kæranda ekki rétt til að koma fyrir nefndina og skapa ekki skyldu fyrir nefndina til að bjóða kæranda til viðtals.

2) Skoðun lögfræðings

Lögfræðingur nefndarinnar sem ábyrgur er fyrir málinu skal meta, í ljósi þessara verklagsreglna, hvort líkur séu á að framburður kæranda geti haft áhrif á niðurstöðu málsins. Telji lögfræðingurinn að svo kunni að vera vekur hann athygli yfirlögfræðings á því, sem ber málið undir formann eða varaformann nema augljóst sé að ekki sé þörf á viðtali. Þetta mat lögfræðings skal fara fram eins fljótt og unnt er eftir að greinargerð hefur borist.

Við mat á því hvort bjóða eigi kæranda að koma fyrir nefndina skal einnig taka tillit til þess ef:

- grunur leikur á að einstaklingsbundnar aðstæður kæranda hafi ekki verið nægilega kannaðar af UTL,
- kærandi er einstætt foreldri eða fylgdarlaust barn, eða
- meira en 6 mánuðir hafa liðið frá kæru án þess að máli hafi verið lokið og atvik bendi til þess að aðstæður kæranda kunni að hafa breyst.

3) Umsóknir um alþjóðlega vernd - efnismeðferð

Umsækjendur mála vegna alþjóðlegrar verndar sem hafa verið tekin til efnismeðferðar skulu boðaðir til viðtals ef, eftir frumskoðun á gögnum málsins, nefndin, formaður eða varaformaður telja líkur á því að framburður kæranda muni varpa ljósi á þá þætti máls sem gætu ráðið úrslitum um niðurstöðu þess.

Gefi ákvörðun UTL til kynna að skortur á trúverðugleika framburðar kæranda hafi haft úrslitaáhrif á niðurstöðu skal kærandi almennt boðaður til viðtals ef nefndin, formaður eða varaformaður telja að framburður hans fyrir nefndinni sé líklegur til að varpa frekara ljósi á trúverðugleika hans.

4) Dyflinnarmál og verndarmál

Ef UTL hefur ekki tekið umsókn kæranda til efnismeðferðar með vísan til 36. gr. laga um útlendinga er kærandi almennt ekki boðaður í viðtal, nema:

- nefndin, formaður eða varaformaður telji að líkur séu á að frásögn kæranda muni varpa ljósi á einstaklingsbundnar aðstæður hans að því marki að það geti haft áhrif á niðurstöðu, eða
- kærandi hefur borið fyrir sig að hann hafi sérstök tengsl við landið og nefndin, formaður eða varaformaður telji að frásögn kæranda um þau tengsl geti haft áhrif á niðurstöðu.

5) Boðun í viðtal

Ef nefndin, formaður eða varaformaður ákveða að bjóða kæranda að koma fyrir nefndina skal boðun til kæranda send eins fljótt og auðið er í gegnum talsmann hans. Boðunin skal ef unnt er innihalda dagsetningu og tíma viðtalsins.

6) Mæting kæranda í viðtal

Kærandi er hvattur til að taka ekki töskur, bakpoka eða annan farangur með sér þegar hann mætir í viðtal til kærunefndar. Komi kærandi með slíkan farangur með sér verður hann aðskilinn frá kæranda á meðan kærandi er inni í húsnæði kærunefndar. Öryggisverði kærunefndar er heimilt, að fengnu samþykki kæranda eða eiganda farangursins, að leita í slíkum farangri.

Kærandi skal taka af sér yfirhafnir, hatta og trefla í móttöku áður en hann kemur inn í fundarsal. Kærandi skal jafnframt skilja eftir síma, annan tækjabúnað, drykkjarílát, möppur eða önnur gögn í móttöku. Kæranda er heimilt að taka með sér skriffæri og blöð til að skrifa á inni í fundarsal. Hyggist kærandi leggja fram frekari gögn í viðtalinu skal hann afhenda talsmanni sínum gögnin áður en þeir koma inn í fundarsalinn.

Ef kærandi kemur í fylgd barns undir 12 ára aldri ber honum að sjá til þess að einhver gæti barnsins á meðan kærandi er inni í fundarsal. Barn kæranda getur ekki fylgt honum inn í fundarsal.

7) Fjarvist kæranda

Mæti kærandi ekki til viðtals fellur boð kærunefndar um viðtal sjálfkrafa niður. Kærunefnd getur þó, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá kæranda, boðið kæranda að mæta á nýjum tíma ef fjarvera hans er afsakanleg, t.d. vegna veikinda eða annarra ástæðna sem gerðu honum ómögulegt að mæta fyrir nefnd.